

T I L L A G A

að starfsreglum um rekstrarskrifstofu þjóðkirkjunnar.

(Lagt fyrir 62. kirkjuþing 2021-2022).

Flutt af forsætisnefnd.

Frsm. Anna Guðrún Sigurvinsdóttir.

1. gr.

■ Rekstrarskrifstofa þjóðkirkjunnar, í starfsreglum þessum nefnd rekstrarstofa, starfar í umboði kirkjuþings.

□ Framkvæmdanefnd kirkjuþings, sbr. gildandi starfsreglur um kirkjuþing hverju sinni, lítur eftir starfi rekstrarstofunnar í samræmi við gildandi starfsreglur, samþykktir kirkjuþings og stefnumörkun.

2. gr.

■ Hlutverk rekstrarstofunnar er að fylgja eftir starfsreglum, stefnum, ályktunum, áætlunum og öðrum samþykktum kirkjuþings hverju sinni.

□ Rekstrarstofan sinnir allri almennri þjónustu við yfirstjórn þjóðkirkjunnar sem og við starfseiningar á ábyrgðarsviði biskups, eftir því sem við á.

□ Rekstrarstofan sinnir annarri þjónustu s.s. við söfnuði, starfsfólk þjóðkirkjunnar og aðra kirkjulega aðila, eftir því sem kirkjuþing mælir fyrir um.

3. gr.

■ Rekstrarstofan hefur, auk þess er greinir í 1. gr., eftirtalin verkefni með höndum:

a. Fjármál og fasteignir þjóðkirkjunnar.

Rekstrarstofan fylgir eftir gildandi starfsreglum og stefnumörkun um fjármál og fasteignir þjóðkirkjunnar hverju sinni. Rekstrarstofan skal árlega semja tillögu að fjárhagsáætlun þjóðkirkjunnar til framlagningar á kirkjuþingi og fylgir samþykkttri áætlun eftir.

Rekstrarstofan hefur umsjón og eftirlit með húsnæði því þar sem yfirstjórn þjóðkirkjunnar, þ.e. kirkjuþing, biskupsstofa og rekstrarstofa hafa aðsetur. Jafnframt annast rekstrarstofan almennt skrifstofuhald fyrir yfirstjórn kirkjunnar.

Aðrir kirkjulegir aðilar geta haft aðsetur í húsnæði yfirstjórnarinnar og notið þar þjónustu, eftir nánara samkomulagi þar að lútandi.

b. Launamál.

Rekstrarstofan annast launaumsýslu vegna starfsfólks þjóðkirkjunnar. Enn fremur er rekstrarstofunni heimilt að annast launaumsýslu fyrir aðra lögaðila innan kirkjunnar, samkvæmt þjónustusamningum þar að lútandi.

c. Innviðir og önnur verkefni.

Rekstrarstofan sér til þess að nauðsynlegir innviðir séu til staðar hverju sinni, s.s. á sviði upplýsingatækni, skjalastjórnunar og aðrir þeir innviðir sem tryggja árangursríkan, hagkvæman og traustan rekstur þjóðkirkjunnar.

4. gr.

■ Framkvæmdanefnd kirkjuþings ræður framkvæmdastjóra rekstrarstofu þjóðkirkjunnar, setur honum starfslýsingu og ákvarðar starfskjör.

□ Framkvæmdastjóri fylgir eftir lögbundnu hlutverki kirkjuþings að því er varðar fjárfjórn, stefnumótun í rekstri og áætlanagerð. Hann ábyrgist að rekstrarstofan sinni skyldum sínum samkvæmt starfsreglum þessum og að gætt sé góðra stjórnarháttanna í hvívetna.

□ Framkvæmdastjóri ræður starfsfólk rekstrarstofunnar, semur um laun og önnur starfskjör og setur því starfslýsingar. Heimilt er að semja um þjónustu við biskupsstofu hvað varðar mannauð vegna starfsfólks rekstrarstofunnar.

5. gr.

■ Rekstrarstofan og biskupsstofa gera með sér samning um gagnkvæma þjónustu, nánari útfærslu verkaskipta, reglulega upplýsinga- og samskiptafundi og önnur atriði sem varða samstarf þeirra, sem og samskipti og þjónustu við kirkjuþing.

□ Framkvæmdanefnd kirkjuþings setur nánari verkferla og viðmið um einstaka starfsþætti í starfsemi rekstrarstofunnar.

6. gr.

■ Framkvæmdanefnd kirkjuþings leggur árlega fram skýrslu á reglulegu kirkjuþingi að hausti þar sem gerð er grein fyrir störfum nefndarinnar og rekstrarstofunnar. Miða skal við að sú skýrsla taki hverju sinni til starfsárs nefndarinnar.

7. gr.

■ Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi 1. janúar 2022.

Ákvæði til bráðabirgða.

■ Skýrsla framkvæmdanefndar á reglulegu kirkjuþingi að hausti 2022, sbr. 6. gr. starfsreglna þessara, skal taka til tímabilsins frá 1. janúar til og með 30. september 2022.

Greinargerð.

Með þingsályktun um stjórnskipan kirkjustjórnarinnar í 7. máli aukakirkjuþings 2021, var samþykkt að skipta yfirstjórn þjóðkirkjunnar upp í tvö ábyrgðarsvið sem muni starfa náið saman. Í þingsályktuninni segir svo:

„Kirkjuþing kýs framkvæmdanefnd úr röðum kirkjuþingsfulltrúa sem hefur í umboði kirkjuþings eftirlit með fjárhag og rekstri þjóðkirkjunnar og fylgir eftir ákvörðunum og áætlunum samþykktum af kirkjuþingi. Í framkvæmdanefnd skulu vera þrír nefndarmenn, tveir úr hópi óvígðra og einn úr hópi vígðra. Varamenn skulu vera jafn margir í sömu hlutföllum. Aðal- og varamenn skulu kosnir af kirkjuþingi til árs í senn. Formaður skal kosinn sérstaklega, en að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum.

Starfrækt skal rekstrarstofa þjóðkirkjunnar í umboði kirkjuþings. Framkvæmdastjóri rekstrarstofu þjóðkirkjunnar, ráðinn af framkvæmdanefnd í umboði kirkjuþings, heyrir undir nefndina og fylgir eftir lögbundnu hlutverki kirkjuþings að því er varðar fjárstjórn, stefnumótun í rekstri og áætlanagerð. Rekstrarstofan sinnir jafnframt allri almennri þjónustu við yfirstjórn þjóðkirkjunnar sem og við starfseiningar á ábyrgðarsviði biskups, eftir því sem við á í samræmi við þau verkefni og sérfræðiþekkingu sem er innan vébanda skrifstofunnar.“

Í framangreindri ályktun felst að sú ábyrgð á yfirstjórn kirkjunnar sem verið hefur fram að þessu á hendi biskups Íslands og kirkjuráðs skiptist á milli tveggja ábyrgðarsviða, sem lýtur stjórn tveggja aðila, þótt hinn lögformlegi rekstraraðili, sem nú nefnist Þjóðkirkjan - Biskupsstofa, sé einn. Báðir þessir aðilar starfa að því sameiginlega

markmiði að tryggja styrk og velgengni þjóðkirkjunnar og að hún geti rækt hlutverk sitt með besta mögulega hætti. Sú uppskipting sem hér um ræðir byggir á því að hvorugur aðili geti gegnt hlutverki sínu án hins og því er náíð samstarf nauðsynlegt.

Mikilvægt er einnig að verkaskipti séu skýr og að ljóst sé hvaða gagnkvæmu réttindi og skyldur séu til staðar hverju sinni.

Í framangreindi þingsályktun er gert er ráð fyrir að frekari skilgreining verkefna og ábyrgða á hvoru ábyrgðarsviði fyrir sig verði útfærð nánar af þeim sem ábyrgð bera á starfseminni. Felst í því að biskup Íslands mun skilgreina verkefni og ábyrgð biskupsstofu en kirkjuþing mun skilgreina verkefni og ábyrgð rekstrarstofunnar.

Tillögur þessar að starfsreglum frá forsætisnefnd kirkjuþings eru einkum reistar á framangreindri þingsályktun aukakirkjuþings 2021. Í þeim er sett á laggirnar, með formlegum hætti, stjórnkerfi og skipulag til að ábyrgð þingsins á fjárstjórn og annarri yfirstjórn kirkjunnar sé sinnt á skilvirkan hátt og í samræmi við markmið nýrra þjóðkirkjulaga og kirkjuþings. Segja má að hlutverk og starfsemi rekstrarstofunnar sé tvíþætt. Annars vegar þjónustuhlutverk við biskup Íslands og kirkjuþing, hvað varðar veraldleg málefni. Hins vegar eftirlitshlutverk hvað varðar fjármál kirkjunnar og aðra yfirstjórn, þ.e. að farið sé eftir starfsreglum, samþykktum og áætlunum kirkjuþings og brugðist við ef frávik verða.

Sú leið er farin að hafa starfsreglurnar frekar stuttar og almennar. Nánari útfærslur komi fram í verkferlum og viðmiðum um einstaka starfsþætti, sem ofangreindri framkvæmdanefnd kirkjuþings er ætlað að vinna.

Forsætisnefnd leggur til að notað verði heitið „rekstrarstofa“ í stað „rekstrarskrifstofa“ þar sem það er þjálla og styttra. Það samræmist einnig betur heitinu „biskupsstofa“ að mati nefndarinnar.

Um einstakar greinar tillögunnar.

Um 1. gr.

Ákvæði 1. mgr. markar þann grundvöll sem rekstrarstofan er reist á. Lagt er til að rekstrarskrifstofan nefnist rekstrarstofa.

Ákvæði 2. mgr. mælir fyrir um framkvæmdanefnd kirkjuþings, en hún er skilgreind og formlega stofnuð í þingsályktun í 7. máli aukakirkjuþings 2021 um stjórnskipan kirkjustjórnarinnar. Einnig er kveðið á um hana í tillögum að nýjum starfsreglum um kirkjuþing, 10. mál kirkjuþings 2021 - 2022 og um kosningu nefndarinnar í tillögum að nýjum starfsreglum um þingsköp kirkjuþings í 11. máli

kirkjuþings 2021 - 2022. Er vísað til greinargerða með þessum þingmálum til nánari skýringar.

Um 2. gr.

Ákvæði 1. mgr. skilgreinir hlutverk rekstrarstofunnar í aðalatriðum, en fyllri ákvæði er svo að finna í 3. gr. tillögunnar.

Ákvæði 2. mgr. er tekið orðrétt upp úr þingsályktun í 7. máli aukakirkjuþings 2021.

Ákvæði 3. mgr. er nýmæli í starfsreglum kirkjuþings. Biskupsstofa hefur veitt söfnuðum og starfsfólki ýmsa þjónustu t.d. hvað varðar fræðslu og ráðgjöf. Forsætisnefnd kirkjuþings telur rétt að nú verði kveðið á um þessa þjónustu við söfnuði o.fl. í starfsreglum. Telur forsætisnefnd rétt að gera ráð fyrir því að kirkjuþing muni í framtíðinni þróa aukna þjónustu við söfnuði landsins, starfsfólk þjóðkirkjunnar og aðra kirkjulega aðila.

Um 3. gr.

Til glöggvunar þykir rétt að greina nánar helstu verkefni sem rekstrarstofunni ber að sinna. Rétt er að minna á og hafa hér í huga ákvæði 1. gr. tillögunnar sem kveður á um hlutverk framkvæmdanefndar kirkjuþings gagnvart rekstrarstofunni.

a. Fjármál og fasteignir þjóðkirkjunnar.

Með nýjum lögum um þjóðkirkjuna nr. 77/2021 var kirkjuþingi fengið æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar, þar með talið fjárstjórnarvald. Talið er eðlilegt að fella fasteignir þjóðkirkjunnar undir hugtakið fjárstjórnarvald þar eð um fjármuni er að ræða. Rekstrarstofunni er ætlað að sinna þessari ábyrgð kirkjuþings á fjármálum og fasteignum og fylgja eftir gildandi starfsreglum um fjármál og fasteignir þjóðkirkjunnar hverju sinni. Í gildi eru ítarlegar starfsreglur um fjármál þjóðkirkjunnar, nr. 931/2020 og jafnframt er fyrir kirkjuþingi 2021 - 2022 tillaga að nýjum starfsreglum um fjármál, sem að mestu leyti byggja á núgildandi starfsreglum. Er að mati forsætisnefndar óþarfi að endurtaka allt það hér, sem í þeim starfsreglum greinir. Þá eru í gildi ítarlegar starfsreglur um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar nr. 950/2009, með síðari breytingum, og gildir hér hið sama um þær og starfsreglur um fjármál. Enn fremur skal bent á að í gildi er fjárfestingarstefna þjóðkirkjunnar, sem samþykkt var á kirkjuþingi 2008 og fasteignastefna þjóðkirkjunnar samþykkt á kirkjuþingi 2020 – 2021. Fyrir kirkjuþingi 2021 – 2022 liggur tillaga til þingsályktunar um stefnur þjóðkirkjunnar, þ.e. að þær haldi gildi sínu til 1. júlí 2022.

Lagt er til að rekstrarstofan beri ábyrgð á því, gagnvart framkvæmdanefnd kirkjuþings, að fylgja eftir gildandi starfsreglum og stefnumörkun um fjármál og fasteignir þjóðkirkjunnar hverju sinni. Þá ábyrgist rekstrarstofan gerð þeirra áætlana sem skylt er að vinna samkvæmt framangreindum starfsreglum. Rekstrarstofan gegnir enn fremur samhæfingarhlutverki við gerð framangreindra áætlana. Rekstrarstofan veitir kirkjuþingi, biskupi Íslands og öðrum hlutaðeigandi aðstoð og liðsinni við gerð fjárhagsáætlunarinnar, eins og þurfa þykir. Rekstrarstofan veitir fullnægjandi upplýsingar um fjármál kirkjunnar og birtir á opnum vef kirkjunnar, þ.m.t. samþykktu fjárhagsáætlun kirkjuþings og úthlutun styrkja. Rekstrarstofan skal fylgja því eftir að fjárhagsáætlun sé fylgt þ. á m. með reglubundnum samanburði rauntalna og áætlunar. Rekstrarstofan gerir framkvæmdanefnd kirkjuþings þegar í stað viðvart komi fram frávik frá samþykktu fjárhagsáætlun, þ.e. að tekjur reynist lægri en áætlað var eða kostnaður verður hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Óski framkvæmdanefnd kirkjuþings þess, gerir rekstrarstofan tillögur til nefndarinnar um nauðsynleg viðbrögð við frávikum frá samþykktu fjárhagsáætlun. Rekstrarstofan sér til þess að ársreikningur þjóðkirkjunnar sé gerður fyrir hvert almanaksár, sem sé í samræmi við viðurkenndar bókhalds- og reikningsskilareglur og lagður fram á kirkjuþingi að vori með áritun framkvæmdanefndar og kjörins endurskoðanda. Rekstrarstofan sinnir öðrum verkefnum á sviði fjármála eftir því sem nauðsyn krefur.

Rekstrarstofan skal árlega semja tillögu að framkvæmdaáætlun vegna fasteigna þjóðkirkjunnar til framlagningar á kirkjuþingi, bæði til eins árs en einnig til þriggja ára. Enn fremur sér rekstrarstofan til þess að annast sé um viðhald eignanna í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun, gætt sé réttinda sem tengjast eignunum og að þau réttindi séu varðveitt, hæfilega tryggð og haldið sé uppi lögskilum. Þá skal rekstrarstofan fjalla um og gera tillögur til framkvæmdanefndar um nauðsynleg viðbrögð við frávikum frá samþykktu framkvæmdaáætlun, ef tilefni er til. Rekstrarstofan fylgir eftir ákvörðunum kirkjuþings um kaup og sölu fasteigna eða aðrar ráðstafanir vegna fasteigna.

Lagt er til að rekstrarstofan annist um rekstur skrifstofu þjóðkirkjunnar fyrir yfirstjórn kirkjunnar, enda hluti af fasteignaumsýslu kirkjunnar, sem rekstrarstofan sinnir almennt. Þar hafi embætti biskups Íslands og kirkjuþing aðsetur, auk rekstrarstofunnar. Kirkjugarðaráð hefur haft aðsetur á biskupsstofu árum saman og Kirkjuhúsið - Skálholtsútgáfan var staðsett á Laugavegi 31, Reykjavík, þegar biskupsstofa og kirkjuráð voru þar til húsa.

b. Launamál.

Mannauðsmál eru í eðli sínu verkefni sem varðar bæði rekstrarstofu og biskupsstofu. Hér er gengið út frá því að mannauðsmál verði að meginstefnu til á ábyrgð biskups Íslands enda miklu fleiri starfsmenn þjóðkirkjunnar sem starfa í vígðri þjónustu heldur en á öðrum sviðum. Þó er gert ráð fyrir að öll launavinnsla vegna starfsmanna þjóðkirkjunnar, þ.m.t. vígðra þjóna, verði hjá rekstrarstofunni, þ.e. útborgun launa, öll umsýsla varðandi launatengd gjöld og annað sem tengist launamálum. Þá er gert ráð fyrir að framkvæmdastjóri rekstrarstofu annist ráðningarmál vegna starfsfólks rekstrarstofunnar. Önnur mál er varða starfsmenn þjóðkirkjunnar verði hjá biskupsstofu. Gerður verði þjónustusamningur milli rekstrarstofu og biskupsstofu um að biskupsstofa sinni þjónustu sem tengist mannauði á rekstrarstofu, s.s. allt er varðar leyfi, þ.m.t. veikindaleyfi, utanumhald um orlof, skipulag endurmenntunar o.s.frv. Mikilvægt er að gott samstarf takist um þetta þýðingarmikla málefni. Þá er gert ráð fyrir því, eins og verið hefur á biskupsstofu, að rekstrarstofan annist launavinnslu vegna annarra kirkjulegra aðila, samkvæmt samkomulagi þar að lútandi, t.d. fyrir kirkjugarðaráð og Tónskóla þjóðkirkjunnar.

c. Innviðir og önnur verkefni.

Hér er lagt til að orðað sé almennt ákvæði er taki á helstu þáttum rekstrar hvað varðar innviði og annað. Of langt mál væri að telja upp allt það sem huga þarf að við rekstur yfirstjórnar þjóðkirkjunnar. Þó eru umfangsmiklir málaflokkar tilgreindir s.s. upplýsingatækni og skjalastjórn.

Um 4. gr.

Hér er mælt fyrir um framkvæmdastjóra rekstrarstofu þjóðkirkjunnar. Er ákvæðið byggt á þingsályktun í 7. máli aukakirkjuþings 2021 um stjórnskipan kirkjustjórnarinnar. Rétt þykir að kveða einnig á um að gæta skuli góðra stjórnarháttá, svo og að framkvæmdastjóri ráði starfsfólk rekstrarstofunnar, semji um laun þess og setji því starfslýsingar. Þá er lagt til að sérstaklega verði kveðið á um að semja megi um þjónustu við biskupsstofu hvað varðar mannauð vegna starfsfólks rekstrarstofunnar. Er vísað til umfjöllunar um 3. gr. tillögu þessarar hvað varðar launa- og mannauðsmál í þessu sambandi.

Um 5. gr.

Eins og fyrr hefur verið rakið og skýrt kemur fram í þingsályktun í 7. máli aukakirkjuþings 2021 um stjórnskipan kirkjustjórnarinnar, er ljóst að mikið samstarf verður milli rekstrarstofu og biskupsstofu. Ákvæði þetta kveður í því sambandi á um að samið skuli um gagnkvæma þjónustu, nánari útfærslu verkaskipta, reglulega upplýsinga- og samskiptafundi og önnur atriði sem varða samstarfið. Þá er og mikilvægt að slíkt hið sama verði gert hvað varðar samskipti og þjónustu við kirkjuþing.

Áður var þess getið að hugsunin í tillögum þessum er sú að hafa þær frekar stuttar og almennar en ganga út frá því að öðru leyti að framkvæmdanefnd setji nánari verkferla og viðmið um einstaka starfsþætti í starfsemi rekstrarstofunnar.

Um 6. gr.

Lagt er til að framkvæmdanefnd leggi fram á reglulegu kirkjuþingi ársskýrslu um störf nefndarinnar og rekstrarstofunnar. Reglulegt kirkjuþing er að jafnaði kallað saman seinni hluta október mánaðar ár hvert. Til að unnt sé að virða þriggja vikna frest sem um framlagningu skýrslu framkvæmdanefndar á kirkjuþingi eiga að gilda, sjá 13. gr. tillögu að starfsreglum um þingsköp kirkjuþings, 11. mál kirkjuþings 2021 – 2022, er gengið út frá því að skýrslan verði lögð fram á tilsettum tíma en að hana megi uppfæra fram að fyrsta fundi kirkjuþings ef tilefni þykir til. Fordæmi eru fyrir því að þetta hafi verið gert hvað varðar skýrslu kirkjuráðs.

Um 7. gr.

Lagt er til að starfsreglur þessar öðlist gildi hinn 1. janúar 2022. Er sú gildistaka í samræmi við gildistöku þingsályktunar um stjórnskipan kirkjustjórnarinnar í 7. máli aukakirkjuþings 2021 og við aðrar tillögur að starfsreglum sem varða yfirstjórn og fjármál þjóðkirkjunnar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæðið kveður á um styttri tímalengd fyrstu skýrslu framkvæmdanefndar kirkjuþings vegna tillögu að gildistöku starfsreglna þessara um áramót.